


Notkunarleiddbeiningar



Gerð 45

Vörulýsing

Þessi leiðbeiningahandbók gildir fyrir Liko HygieneSling með SafetyBelt en í eftirfarandi texta munum við aðeins nota nafnið Liko HygieneSling.

Hönnun Liko HygieneSling miðar að því að auðvelda að klæða og afklæða í tengslum við lyftur, til og frá salerninu. Slíkar lyftiaðgerðir eru oft þungar og erfiðar fyrir umönnunaraðila. Með HygieneSling er hægt að klæða og afklæða meðan á lyftingu stendur, þökk sé stóra opinu við sæti seglsins.

Reynslan hefur sýnt að HygieneSling virkar einnig fyrir sjúklinga í síðum buxum eða pilsu og sokkabuxum.

Auðvelt er að beita Liko HygieneSling, jafnvel þótt rými í kringum hjólastólinn sé mjög takmarkað.

Liko HygieneSling er oft mest viðeigandi valkosturinn fyrir sjúklinga með ákveðið stig stirðleika.

HygieneSling er gert úr grænu pólýester og stuðningur við fótleggi er styrktur og bólstraður með flauelsdúk.

Sjúklingurinn skal hafa tiltölulega góðan stuðning við bók og höfuð, þannig að hann geti setið þægilega og örugglega í HygieneSling. Ef sjúklingurinn er vöðvarýr er mælt með minni stærð af HygieneSling eða HygieneVest, gerð 55.

Fyrir sjúklinga sem eiga það til að sökkva niður í seglið dreifir öryggisbeltið þrýstingi og veitir aukinn stuðning meðan á lyftingu stendur.

Nota má HygieneSling með öllum Liko loft- og hreyfanlegum lyfturum. Þú getur valið á milli loftlyftanna LikoGuard™, Likorall™, og Multirall™ eða hreyfanlegu lyftanna Golvo™, Viking™, Uno™, og Liko™ M220/M230.

Í þessu skjali er manneskjan sem verið er að lyfta kölluð sjúklingurinn og manneskjan sem hjálpar henni er kölluð umönnunaraðili.

MIKILVÆGT!





















Lyfting og flutningur á sjúklingi felur alltaf í sér ákveðna áhættu. Lestu leiðbeiningarnar fyrir bæði sjúklingalyftarann og lyftingaraukabúnað fyrir notkun. Mikilvægt er að skilja til fullnustu innihald leiðbeininganna fyrir notkun. Eingöngu þjálfað starfsfólk á að nota búnaðinn. Gakktu úr skugga um að lyftingaraukabúnaður henti fyrir lyftarann sem verið er að nota. Auðsýndu gætni og varúð meðan á notkun stendur. Sem umönnunaraðili berð þú ávallt ábyrgð á öryggi sjúklingsins. Þú verður að vera meðvitaður/meðvituð um getu sjúklingsins til að takast á við lyftiaðstæðurnar. Ef eitthvað er óskýrt skaltu hafa samband við framleiðandann eða birgðasalann.

Efnisyfirlit

Lýsing á táknum	3
Öryggisleiðbeiningar	4
Umhirða og viðhald	5
Skilgreiningar	5
Hvernig tengja á segl við mismunandi herðatré	6
Hvernig tengja á HygieneSling við herðatré með 4 krókum (tvíslár)	7
Lyft úr hjólastól á salerni	8
Aftur upp af salerni og í hjólastól	9
Ráðleggingar fyrir reynslumátun	10
Mismunandi leiðir til að tengja stuðning við fótleggi	10
Styttingarstaða	11
Lýsing á SafetyBelt	11
Lengd ólarinnar aðlöguð að mittismáli sjúklingsins	12
Önnur segl til að lyfta á og af salerninu	12
Yfirlit fyrir Liko™ HygieneSling gerð 45	13
Ráðlagðar samsetningar	13

Lýsing tákns

Þessi tákn er að finna í þessu skjali og/eða á vörunni.

Tákn	Lýsing
	Viðvörðun: Þessar kringumstæður útheimta aukna varkárni og aðgát.
	Lestu notkunarleiðbeiningarnar fyrir notkun
	CE-merki
	Löglegur framleiðandi
	Framleiðsludagsetning
	Auðkenni vöru
	Raðnúmer
	Lækningatæki
	Ekki þurrhreinsa
	Ekki strauja
	Þurrkun í þurrkara
	Ekki þurrka í þurrkara
	Þvottur Táknið er alltaf í samsetningu með ráðlögðu hitastigi í °C og °F.
	Inniheldur ekki latex
	Reglubundin skoðun
	Ekki nota bleikiefni
	Látið þorna á snúru í skugga
	Snýr upp á við og tákn utan á búnaði.
	Tákn utan á búnaði.
 (01) 0100887761997127 (11) AÁMMDD (21) 012345678910	GS1 Gagnafylkisstrikamerki sem kann að innihalda eftirfarandi upplýsingar. (01) GTIN-númer (e. Global Trade Item Number) (11) Framleiðsludagsetning (21) Raðnúmer

Öryggisleiðbeiningar

Áður en þú lyftir skaltu hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Ábyrg manneskja innan þinnar stofnunar ætti að ákveða á grundvelli hvers tilviks fyrir sig hvort þörf er á einum eða fleiri umönnunaraðilum.
- Tryggðu að valið segl mæti þörfum sjúklingsins hvað varðar gerð, stærð, efni og hönnun.
- Heildarhámarksálag fyrir lyftarakerfi er alltaf ákvarðað af þeirri vöru í kerfinu sem hefur lægsta tilgreinda hámarksálagið.
- Af öryggis- og hreinlætiástæðum skal nota sérstök segl fyrir hvern sjúkling.
- Skipuleggðu lyftiaðgerðina þannig að hægt sé að gera hana eins örugglega og hnökralaust og mögulegt er.
- Gættu þess að fylgihlutur lyftingar hangi lóðrétt og geti hreyfst frjálsglega.
- Þrátt fyrir að Liko-herðatré séu búin krækjum verður að sýna sérstaka varúð. Áður en sjúklingnum er lyft af undirliggjandi fleti, en þegar ólarnar hafa verið teygðar út til fulls, skal ganga úr skugga um að ólarnar séu almennilega tengdar við króka herðatrésins.
- Gættu þess að sjúklingurinn sitji örugglega í seglinu áður en hann er fluttur á annan stað.
- Aldrei skal lyfta sjúklingi hærra upp af undirliggjandi fleti en nauðsynlegt er til að ljúka verklagi við lyftingu og flutning.
- Ekki nota handföngin til að lyfta! Sé of miklu afli beitt á handföngin getur það valdið því að seglið rifni.
- Aldrei skilja sjúkling eftir án eftirlits meðan á lyftivinnu stendur.
- Gakktu úr skugga um að hjólin á hjólastólnum, rúminu, sjúkravagninum, o.s.frv., séu læst meðan á lyftingu/flutningi stendur.
- Alltaf skal vinna vinnuvistfræðilega. Notaðu getu sjúklingsins til að taka virkan þátt í aðgerðunum.
- Þegar ekki er verið að nota seglið skal ekki setja það í beint sólarljós.
- Það er ráðlagt að fjarlægja seglið þegar flutningi er lokið.

 Röng festing á segli við herðatré getur valdið miklu líkamstjóni hjá sjúklingnum.

 Að snúa sjúklingi með höndum í rúmi getur skaðað umönnunaraðilann.

 Lækningatæki I Vara

EINKALEYFI www.hillrom.com/patents

Getur verið varið með einu eða fleiri einkaleyfum. Sjá vefang hér að ofan.

Hill-Rom-fyrirtækin eru eigendur evrópskra, bandarískra og annarra einkaleyfa og einkaleyfisumsókna í bið.

Breytingar á vöru

Liko vörurnar eru í stöðugri þróun, þess vegna áskiljum við okkur rétt til að gera breytingar á vöru án fyrirvara.

Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá ráðleggingar og upplýsingar um uppfærslu á vörum.

Design and Quality by Liko in Sweden.

Liko er gæðavottað samkvæmt ISO 9001 og jafngildi þess fyrir lækningatækjaiðnaðinn, ISO 9001 og jafngildi hans fyrir lækningatækjaiðnaðinn, ISO 13485. Liko er einnig vottað samkvæmt umhverfisstaðlinum ISO 14001.

Tilkynning til notenda og/eða sjúklinga innan ESB

Öll alvarleg atvik sem hafa átt sér stað í tengslum við búnaðinn, skal tilkynna framleiðandanum og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem notandinn/sjúklingurinn býr.

Umhirða og viðhald

Athugaðu seglið fyrir hverja notkun. Athugaðu eftirfarandi atriði með tilliti til slits og skemmda:

- Efni
- Ólar
- Saumar
- Lykkjur

⚠ Notaðu ekki skemmdan aukabúnað fyrir lyftingar.

Ef eitthvað er óskýrt skaltu vinsamlegast hafa samband við framleiðandann eða birgðasalann.

Þvottaleiðbeiningar: Skoðaðu vörumerkimiða seglsins og viðhengdan viðauka „Umhirða og viðhald á Liko-seglum“.

Reglubundin skoðun

Vöruna þarf að skoða að lágmarki á sex mánaða fresti. Hugsanlega er þörf á tíðari skoðunum ef varan er notuð eða þvegin oftar en vanalega. Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá verklýsingar.

Væntanlegur endingartími

Væntanlegur endingartími vörunnar er 1-5 ár meðan á eðlilegri notkun stendur. Væntanlegur endingartími er breytilegur eftir dúk, notkunartíðni, aðferð við þvott og borinni þyngd.


Leiðbeiningar um endurvinnslu

Alla hluti seglsins, þ.m.t. stoðir, hlífðarefni o.s.frv. skal flokka sem brennanlegan úrgang.













Hill-Rom metur og býður upp á tilsögn fyrir notendur sína um örugga meðhöndlun og förgun á búnaði sínum til að aðstoða við að koma í veg fyrir líkamstjón, þar með talið, en ekki takmarkað við: skurði, stungur á húðinni, skrámur, og alla hreinsun og sótthreinsun á lækningabúnaðinum sem þörf er á eftir notkun og fyrir förgun. Viðskiptavinir skulu fara eftir öllum alríkis-, ríkis-, svæðis- og/eða staðarlögum og reglugerðum varðandi örugga förgun á lækningabúnaði og aukabúnaði.

Ef notandi búnaðarins er í vafa skal hann fyrst hafa samband við tækniþjónustu Hill-Rom til að fá leiðbeiningar um örugga aðferð við förgun.


Skilgreiningar




Hvernig tengja á segl við mismunandi herðatré

Herðatré	Segllykkjur tengdar við króka á herðatré	Rétt
 <p data-bbox="193 499 357 533">SlingGuard™</p>		
 <p data-bbox="213 792 339 826">Universal</p>		
 <p data-bbox="161 1077 395 1111">SlingGuard™ Twin</p>		
 <p data-bbox="177 1373 371 1406">Universal Twin</p>		

Rangt!




Hvernig tengja á HygieneSling við herðatré með 4 krókum (tvíslár)



Lyft úr hjólastól á salerni


Byrjaðu á að skoða lýsingu og leiðbeiningar fyrir öryggisbelti og stillingar á því. Undirbúðu að afklæða sjúklinginn með því að hneppa tölum frá og opna rennilása.



Settu HygieneSling fyrir aftan sjúklinginn, þannig að vörumerking snúi út um mitt bakið. Mjúka efri brúnin á að vera rétt undir handarkrikunum.

1. Dragðu hægri lykkjuólina í gegnum vinstri D-hringinn. Dragðu vinstri lykkjuólina í gegnum hægri D-hringinn.
2. Prófaðu viðeigandi lykkjur með því að toga í efri ólarlykkju HygieneSling og eina af lykkjuólarlykkjunum um leið, eins og á teikningunni að ofan.

Settu stoðir fyrir fótleggi undir læri sjúklingsins. Krossleggðu stoðir fyrir fótleggi með því að draga aðra lykkjuna fyrir stuðning fyrir fótleggi í gegnum hina.



Hreyfðu herðatréd fram á við og tengdu lykkjuólarnar fyrst. Tengdu svo efri ólarlykkjurnar við krókana á herðatrénu, og síðan lykkjurnar á stoðunum fyrir fótleggi. Á bls. 6-7 er hægt að sjá leiðbeiningar um hvernig á að festa lykkjurnar á seglinu við mismunandi herðatré.


Lyftu sjúklingnum. Togaðu nærbuxur sjúklingsins eins langt niður og mögulegt er.

Láttu síga niður á salernið. Færðu stoð fyrir fótleggi til hliðar og dragðu nærbuxur sjúklingsins enn lengra til að auðvelda betra aðgengi.

Aftur upp af salerni og í hjólastól

Hér að neðan lýsum við tveimur leiðum til að klæða sjúklinginn eftir að heimsókn á salernið er lokið. Mest viðeigandi valkosturinn veltur á líkamlegu ástandi sjúklingsins og fatnaði.

Valkostur 1: Stoðir fyrir fótleggi utan yfir buxur. Þetta á við um buxur úr óteygjanlegu efni.




Togaðu buxurnar eins lagt upp í klofið og mögulegt er.

Settu stoðir fyrir fótleggi undir fótleggina, en utan yfir buxurnar. Tengdu allar lykkjurnar. Á bls. 6-7 er hægt að sjá leiðbeiningar um hvernig á að festa lykkjurnar á seglinu við mismunandi herðatré. Lyftu sjúklingnum.

Ef nota á bleyju skal setja hana á sinn stað áður en buxurnar eru togaðar alla leið upp. Framkvæmdu flutninginn og láttu síga niður í stólinn.

Valkostur 2: Stoðir fyrir fótleggi fyrst – buxur utan yfir. Þessi aðferð á við um buxur úr teygjanlegu efni.



Notaðu HygieneSling samkvæmt leiðbeiningunum á blaðsíðu 8. Tengdu allar lykkjurnar. Á bls. 6-7 er hægt að sjá leiðbeiningar um hvernig á að festa lykkjurnar á seglinu við mismunandi herðatré. Lyftu sjúklingnum. Ef nota á bleyju skal setja hana á sinn stað innan í krosslögðu stoðirnir fyrir fótleggi.


Togaðu buxurnar rétt upp fyrir sætið og seglið á meðan sjúklingurinn situr enn í HygieneSling. Láttu síga niður í stólinn.

Aftengdu seglið frá herðatrénu. Dragðu stuðning við fótleggi varlega út úr buxunum og fjarlægðu HygieneSling.

Ráðleggingar fyrir reynslumátun

⚠ Sitjandi staða fer eftir hvar stoðirnar fyrir fótleggi eru settar undir fótleggi sjúklingsins. Þeir sem eru vöðvarýrir skulu settir hátt í átt að naranum svo að viðkomandi sitji ekki of lágt í seglinu.

Sjúklingar sem eru vöðvarýrir sitja vanalega betur í minni stærðum af HygieneSling. Hið gagnstæða á við um notendur sem eru vöðvameiri. Þeir sitja betur í stærri HygieneSling, að því gefnu að bakstuðningur sé nægilega hátt uppi og stoðir við fótleggi séu nógu nálægt beygjum á hnjám.



Í flestum tilfellum og sérstaklega ef um er að ræða sjúklinga með veikt vöðvakerfi, ætti að setja stuðning við fótleggi eins nálægt klofinu og mögulegt er.


Ef sjúklingur er með góða vöðvaspennu er hægt að setja stoðir fyrir fótleggi nær hnjánum. Þetta gerir það auðveldara að klæða og afklæða og lina síbeygjukrampa.

Sokkin og óþægileg líkamsstaða er annaðhvort tilkomin vegna þess að stuðningur við fótleggi er settur of nálægt hnjánum og/eða seglið er of stórt. Prófaðu minni stærð.

Mismunandi leiðir við að tengja stoðir fyrir fótleggi

Áður en tengingarvalkostur er valinn ætti að framkvæma einstaklingsbundið mat til að sjá fyrir mögulega áhættuþætti.


Eftirfarandi eru almennar ráðleggingar þar sem sömu meginreglur gilda um nokkrar gerðir segla.



Krosslagðar stoðir fyrir fótleggi.

Þetta er algengasta aðferðin við að nota seglið. Önnur lykjan á stoð fyrir fótleggi er sett í gegnum hina áður en lykkjurnar eru tengdar við herðatréd.

Fyrir suma sjúklinga, t.d. þá sem misst hafa útlím, kann það að vera gagnlegt að toga lykkjur stuðnings við fótleggi í gegnum D-málmhringina áður en þær eru tengdar við herðatréd. Þetta kemur í veg fyrir að stuðningur við fótleggi renni fram á við á fótleggjunum.



Hvor stoð fyrir fótleggi tengd með aðskildum hætti við herðatréd.

Þetta getur verið viðeigandi þegar sjúklingum með sérstaklega viðkvæm kynfæri er lyft.

⚠ Aukin hættu á að renna úr.

Styttingarstaða


Í ákveðnum tilfellum er gagnlegt að stytta stuðning við fótleggi svo að sjúklingurinn sitji vel í seglinu. Styttingarstöðuna má nota tímabundið þegar rétt lengd er prófuð, en of mikil notkun getur skemmt saumana. Viljir þú hins vegar stytta lykkjuna á stoð fyrir fótleggi til langs tíma lítið, er ráðlegt að binda hnút á lykkjuna til að stytta hana um 10 cm (4 tommur). Þegar svo ber undir er það ytri lykkjan á stoð fyrir fótleggi sem ætti að vera tengd við herðatréd.

Lýsing á SafetyBelt

Öryggisbeltið gefur aukinn stuðning fyrir sjúklinga sem eru vöðvarýrir. Beltið styður við efri hluta líkama sjúklingsins sem á til að síga niður í seglinu þegar lyft er.

Hins vegar má beltíð ekki vera svo þétt fest að það lyfti líkama sjúklingsins í upphafi; þ.e. öryggisbeltið má ekki lyfta áður en efri ólarlykkja HygieneSling byrjar að lyfta. Ef þetta gerist getur það validd því að sjúklingurinn hallist aftur á óviðeigandi hátt.

Stilling lykkjuóla




Lykkjuólarnar verða að vera krosslagðar og dregnar gegnum D-hringina áður en valin ólarlykkja er hengd á herðatréd.

Sú strekking sem lykkjuólarnar gefa utan um efri hluta líkamans fer eftir því hvaða lykkjum er krækt við herðatréd. Með því að prófa að lyfta með mismunandi lykkjum á sama tíma og efri ólarlykkjur HygieneSling eru notaðar er hægt að skera úr um hvaða staða gefur rétta strekkingu. Innri lykkja gefur meiri strekkingu og ytri lykkja dregur úr strekkingu.

Þegar þær eru rétt stilltar veita lykkjuólarnar aðeins minni strekkingu en efri ólarlykkjur HygieneSling.


Lykkjuklemmur

Þessi gagnlegi fylgihlutur er notaður til að merkja lykkjurnar sem hafa verið prófaðar fyrir ákveðna manneskju. Það auðveldar umönnunaraðilunum að velja rétta lykkju til að hengja við herðatréd.



Lengd ólarinnar aðlöguð að mittismáli sjúklingsins

Ef nauðsyn krefur, og fyrir ákjósanlega virkni er hægt að aðlaga lengd mittisbeltisins að mittismáli sjúklingsins.




Alt. A: Fyrir mjög granna sjúklinga

Togaðu lykkjuólarnar úr innri beltalykkjunum áður en þú dregur þær gegnum málmhringina. Þetta gerir hámarksstrekkingu mögulega.

Alt. B: Miðlungsstærð

Togaðu aðeins eina lykkjuól út úr innri beltalykkjunni. Krossleggðu lykkjuólarnar og dragðu þær gegnum málmhringina.



Alt. C: Fyrir stærri sjúklinga

Leggðu lykkjuólarnar gegnum bæði innri og ytri beltalykkjurnar áður en þú dregur þær gegnum málmhringina.

Heilræði: Til að rúma enn meira mittismál er hægt að lengja lykkjuólarnar með Liko-framlengingarlykkjum.

Önnur segl til að lyfta á og af salerninu

Í okkar breiða vöruvali af seglum, eru margar gerðir sem hægt er að nota fyrir lyftiaðgerðir tengdar salernum. Vinsamlegast farðu á www.hillrom.com til að fá nánari upplýsingar. Hér er sýnishorn af mögulegum valkostum segla:


Liko HygieneSling með belti, gerð 41
Liko HygieneVest™ High Back, gerð 55
Liko MasterVest™, gerð 60
Liko MasterVest™ lokun að framan, gerð 64

Aukahlutir

Lykkjuklemmur

Lykkjuklemmur, rauðar, 4 stk.
Lykkjuklemmur, appelsínugular, 4 stk.
Lykkjuklemmur, gular, 4 stk.
Lykkjuklemmur, bláar, 4 stk.
Lykkjuklemmur, svartar, 4 stk.


Vörunr. 3666033
Vörunr. 3666034
Vörunr. 3666035
Vörunr. 3666036
Vörunr. 3666037



Framlengingarlykkja

Framlengingarlykkja, græn, 12 cm
Framlengingarlykkja, græn 22 cm
Framlengingarlykkja, grá, 12 cm
Framlengingarlykkja, grá, 22 cm

Vörunr. 3691102
Vörunr. 3691103
Vörunr. 3691302
Vörunr. 3691303



- 2 = 12 cm
- 3 = 22 cm

Yfirlit Liko™ HygieneSling gerð 45

Vara	Vörunr.	Stærð	Þyngd sjúklings ¹	Hám. þyngd ²
Liko HygieneSling	3545134	S	25-50 kg	200 kg
Liko HygieneSling	3545135	M	40-90 kg	200 kg
Liko HygieneSling	3545136	L	80-120 kg	200 kg
Liko HygieneSling	3545137	XL	>100kg	300 kg

¹ Uppgefin þyngd sjúklings er aðeins til viðmiðunar – það kunna að vera frávik.

² Til að viðhalda hámarksþyngd er þörf á lyftara/aukabúnaði sem ætlaður er fyrir sömu þyngd eða meiri.

Efni: HygieneSling er fánlegt í pólýester.

Ráðlagðar samsetningar

Ráðlagðar samsetningar Liko HygieneSling og Liko-herðatrjáa:	Mini 220	Herðatré 350 ³	Standard 450	Herðatré 450 ¹	Herðatré 600 ⁴	Tvíslár 670 ²
Liko HygieneSling, gerð 45, S	1	1	2	1	3	4
Liko HygieneSling, gerð 45, M	1	1	1	1	3	3
Liko HygieneSling, gerð 45, L	1	1	1	1	2	2
Liko HygieneSling, gerð 45, XL	2	1	1	1	2	2

¹ Herðatré450 tengist Universal SlingBar 450 vörunr. 3156075, 3156085 og 3156095 og einnig SlingGuard 450 vörunr. 3308020 og 3308520.

² Tvíslár 670 tengjast Universal TwinBar 670 Vörunr 3156077, og 3156087, og einnig SlingGuard 670 Twin Vörunr. 3308040 og 3308540.

³ Herðatré 350 tengist Universal SlingBar 350 vörunr. 3156074, 3156084 og 3156094.

⁴ Herðatré 600 tengist Universal SlingBar 600 vörunr. 3156076 og 3156086.

Samsetningar með Liko Hygiene Sling og krossslá, krossslá 450/670 eða SideBars eru ekki viðeigandi.


Útskýring: 1 = Ráðlagt, 2 = Kann að virka, 3 = Ekki ráðlagt, 4 = Óviðeigandi

Aðrar samsetningar

Samsetning fylgihluta/vara annarra en þeirra sem Liko ráðleggur getur leitt til öryggisáhættu fyrir sjúklinginn.



www.hillrom.com

 Liko AB
Nedre vägen 100
975 92 Luleå, Sweden
+46 (0)920 474700

Liko AB is a subsidiary of Hill-Rom Holdings, Inc.

Enhancing outcomes for
patients and their caregivers:

